

Fundargerð framkvæmdastjórnar Skólaskrifstofu Austurlands.

Fundur haldinn 14. febrúar 2012 í Hermes Reyðarfirði kl. 10:00. Mætt: Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Björn Ingimarsson, Páll Björgvin Guðmundsson, Helga Þórarinsdóttir og Sigurbjörn Marinósson.

Dagskrá fundarins.

1. Málefni fatlaðs fólks
2. Skólamál – nýjar námskrár o.fl.
3. Endurmenntun kennara
4. Önnur mál

1. Helga Þórarinsdóttir, starfsmaður B-deildar SKA sat þennan lið fundarins. Fjármál málaflokksins rædd. Fyrir árið 2011 voru greiddar kr. 234.780.985,- úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Þar af voru kr. 6.880.342,- vegna breytingar, aðlögunar o.fl. og kr. 713.456,- vegna lengdrar viðveru grunnskólabarna. Frá sveitarfélögum v. 0,25% stigs komu kr. 63.027.524,-
Á fundinum kom fram óánægja fundarmanna með það að ekki liggi fyrir skýringar frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á framlaginu vegna breytingakostnaðarins og er forstöðumanni SKA falið að óska eftir formlegum skýringum á því hvaða reglur lágu að baki við skiptingu fjármagnsins á landsvísi.
Ófyrirséður kostnaður, fundarmenn sammála að eðlilegt sé að halda eftir ákveðnum hluta 0,25% stigsins til að mæta skyndilegum og ófyrirséðum kostnaði sbr. 8. gr. í samningi um *Sameiginlegt þjónustuvæði Austurlands um þjónustu við fatlað fólk*. Þessu fjármagni verði síðan skipt eins og öðru fjármagni þjónustuvæðisins á síðari hluta ársins ef ekki hefur komið til ráðstöfununar skv. áður nefndri grein í samningnum.
Minnisblað réttindagæslumanns á Austurlandi vegna þjónustu við fatlað fólk kynnt.
Helga vék af fundi kl. 10:40.
2. Forstöðumaður sagði frá fundi ráðuneytisfólks frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti 3. janúar sl. vegna kynningar á Aðalnámskrá og reglugerð nr. 1040/2011.
3. Forstöðumaður sagði frá hugmyndum Skólaskrifstofunnar um endurmenntunarnámskeið fyrir kennara á Austurlandi nk. sumar. Framkv.stjórn sammála að stefna beri að því að halda sameiginleg námskeið skólastiga þ.e. grunnskóla- og leikskóla á mið Austurlandi.
4. Forstöðumaður sagði frá því að Skólaskrifstofan hefur fengið vilyrði fyrir styrk kr. 500.000,- v. ADHD verkefna.
Björn Ingimarsson leggur til að framtíðarskipulag skólaskrifstofu verði skoðað í framkvæmdarstjórn á næstunni. Gunnþórunn telur rétt að ræða það mál á næsta fundi stjórnar Skólaskrifstofunnar, það sé rétti vettvangurinn til að opna þessa umræðu, eigi hún að leggja af stað af borði Skólaskrifstofunnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:25

Fundargerð ritaði Sigurbjörn Marinósson